

# PUNKTAR OG PISTLAR

úr starfi Rótarýklúbbsins Reykjavík-Miðborg

1. tbl. 1. árg. jan-máí 1996



Úr sumarferð Rótarýklúbbsins Reykjavík-Miðborg út í Viðey í ágúst 1995. Mynd: LM.

## Svona varð klúbburinn til

Pegar kona í Bandaríkjunum stefndi Rótarýhreyfingunni fyrir misrétti árið 1987 svo úr varð dómsmál, vaknaði hérlandis umræða um nauðsyn þess að heimila íslenskum konum aðgang að Rótarýhreyfingunni.

Til langs tíma hafa eiginkonur Rótarýfélaga á Íslandi haft með sér sérstakan félagsskap sem heitir „Inner wheel“.

Rótarýklúbbur Reykjavíkur tók af skarið og beitti sér fyrir undirbúningsfundi 25. apríl 1994 sem miðaði af því að stofna blandaðan Rótarýklúbb, með þátttöku karla og kvenna. Klúbburinn gekk rösklega til verksins og fékk til liðs við sig nokkra einstaklinga sem tóku síðan við framkvæmdinni og luku henni með stofnun klúbbsins sem við erum aðilar að í dag. Þessir einstaklingar eru nú stofnfélagar klúbbsins og eru þeir þrjátíu að tölu.

Rótarýklúbburinn Reykjavík-Miðborg var síðan stofnaður þann 30. maí 1994 og var þá kosin fyrsta stjórn klúbbsins sem var þessi fyrsta starfsárið:

Sólveig Pétursdóttir, forseti,  
Birgir Ómar Haraldsson, varaforseti,  
Kristín Guðmundsdóttir, gjaldkeri,  
Brynjólfur Helgason, ritari,  
Garðar Siggeirsson, stallari.

Fyrsti reglulegi fundur klúbbsins var haldinn þann 3. október 1994. Síðan hafa verið reglulegir fundir á mánuðögum að Hótel Borg. Það er mikil tenging á milli okkar klúbbs í miðborg Reykjavíkur og móðurklúbbsins. Fundir Rótarýklúbbsins Reykjavík-Miðborg eru haldnir á Hótel Borg þar sem Rótarýklúbbur Reykjavíkur var formlega stofnaður og svo hefur okkar

klúbbfáni í sér táknumyndir, tvær öndvegissúlur Ingólfss Arnarsonar en í fána móðurklúbbsins Rótarýklúbbs Reykjavíkur er mynd af stytta Ingólfss Arnarsonar. Þessir tveir klúbbar ættu í reynd að auka sínar tengingar enn frekar.

Klúbburinn fékk gott fararnesti frá móðurklúbbnum í upphafi starfsins, fundarhamar og árit-aða fundarbjöllu. Klúbburinn starfaði óslitið og var starfsemin öflug frá fyrsta degi þrátt fyrir að klúbburinn hefði ekki fullgildingu Rótarýhreyfingarinnar. Stjórn klúbbsins hefur verið samstilt og eflst í þekkingu sinni á vegum hreyfingarinnar.

Fullgildingarhátið klúbbsins var síðan haldin þann 16. nóvember 1995 eða rúmlega ári eftir að regluleg starfsemi klúbbsins hófst.

Margir félagar í móðurklúbbnum Rótarýklúbbi Reykjavíkur studdu vel við og unnu að stofnun Rótarýklúbbsins Reykjavík-Miðborg ásamt fulltrúum umdæmisins.

En eftirfarandi Rótarýfélagar komu þar að verki meira en aðrir: Birgir Ísleifur Gunnarsson, Páll Sigurjónsson, Jón Hákon Magnússon, Eiríkur Hans Sigurðsson, Ólafur Helgi Kjartansson, Valdimar Ólafsson og Steinar Friðgeirsson. Eru þeim sendar bestu kveðjur og þakkir.

Sólveig Pétursdóttir,  
fyrverandi forseti.

# Fyrillesarar hijá Rótarýklúbbnum Reykjavík-Miðborg

Janúar 1996

Gunnar Scheving  
Thorsteinsson  
verkfraðingur: Vietnam og  
möguleikar þar.

Sólveig Pétursdóttir,  
alþingismaður og  
lögfraðingur:  
Saga Rótarýklúbbins  
Reykjavík-Miðborg.

David G. Wagner,  
viðskiptafulltrúi í  
bandarískra sendiráðinu:  
Starfsgreinaerindi.

Steinunn Kristjánsdóttir  
fornleifafræðingur:  
Pórískumlið.

Febrúar 1996

Gunnar Svavarsson,  
forstjóri Hampiðjunnar:  
Starfsgreinaerindi.

Bera Nordal listfraðingur:  
Listasafn Íslands.

Jenny Jochens:  
Old Norse Motherhood.

Leifur Breiðfjörð  
glerlistamaður: Yfirsýn.

Mars 1996

Guðmundur Póroddsson  
vatnsveitustjóri:  
Vatnsveita Reykjavíkur.

Ólafur Nilsson lögg.  
endurskoðandi:  
Skattlagning  
fjármagnstekna.

Vilhjálmur P. Vilhjálms-  
son, borgarfulltrúi og  
lögfraðingur:  
Flutningur grunnskóla til  
sveitarfélaga.

Pétur Blöndal  
alþingismaður:  
Fjármagnstekjuskattur.

April 1996

Margrét Guðmundsdóttir,  
forstöðumaður markaðs-  
sviðs Skeljungs:  
Starfsgreinaerindi.

Heimir Porleifsson  
menntaskólkennari:  
Menntaskólinn í Reykjavík.

Ólafur Oddsson, starfs-  
maður Skógræktar  
ríkisins: Skógrækt á Íslandi.

**PUNKTAR OG PISTLAR**

Útgefandi: Rótarýklúbburinn  
Reykjavík-Miðborg.  
1. tgl. 1. árg. maí 1996  
Útlit: Næst... Fjörlitun: Stensill

# Ávarp umdæmisstjóra

Kærð Rótarýfélagar, gleðilegt sumar! Það var mér mikið gleðiefni er mér var tjáð að Rótarýklúbburinn Reykjavík - Miðborg væri að hefja útgáfu fréttablaðs fyrir klúbbfélaga sína til að auka fróðleik og efla þekkingu þeirra á málefnum Rótarýhreyfingarinnar. Slik útgáfa er mjög mikilvæg - einkum á fyrstu starfsárum nýrra klúbbba.

Nokkrir klúbbbar hér á landi hafa staðið að útgáfu klúbbbréfa um lengri eða skemmri tíma og sumir allar götur frá stofnun viðkomandi klúbbs. Þeir hafa ekki aðeins dreift fréttabréfum innan eigin klúbbs heldur einnig sent þau til forseta allra klúbbba á landinu og stuðlað þannig að aukinni kynningu og fróðleik um klúbbstarfsemina til annarra klúbba.

## Rótarýklúbbur heimsóttur í Kína- hverfinu í New York

Pegar Rótarýfélagar skipuleggja utanlandsferðir ættu þeir að hafa í huga þann möguleika að heimsækja samtímis erlenda Rótarýklúbb.

Ég var á ferð í New York í nóvember sl. og var ákveðinn í að heimsækja þar Rótarýklúbb. Auðveldlega gekk að finna símanúmer Rótarýhreyfingarinnar í New York og þar fékk ég þær upplýsingar að klúbbarnir væru æði margir í borginni en var bent á að gaman gæti verið fyrir mig að heimsækja klúbbinn í China Town. Fannst mér hugmyndin góð og hringdi í stallara klúbbsins, Mr. Chowong, og hann leiðbeindi mér og sagði þetta vera á East-Broadway á veitingahúsini Golden Dragon á annarri hæð. Þetta reyndist vera um 25 mín. akstur í leigubíl og endaði ökuferðin í Kínahverfinu miðju þar sem allt líktist frekar götu í Shanghai en NY. Veitingahúsið Golden Dragon er risastórt og veitingasalurinn var þéttskipaður en brosmildur þjónn vísaði mér þegar í einkaherbergi þegar hann sá Rótarýmerkið í jakkanum mínum. Við tvö risastór hringborð sátu Rótarýfélagarnir, bæði karlar og konur. Var þetta um þrjátíu félaga klúbbur og meirihluti félagana af austurlenskum ættum.

Hefur þetta gefið hinum eldri klúbbum nýjar og ferskar hugmyndir, örvað starfsemi og aukið kynni milli þeirra.

Ég hef fylgst nokkuð með starfsemi og framvíndu klúbbs ykkar frá stofnun og tel að þið megið vera bæði stolt og ánægð yfir því hvernig starfið hefur þróast og hvíliskur mannaudur er saman kominn í ykkar félagahópi. Af starfi ykkar fyrir landið, þjóðina og á alþjóðavettvangi væntum við Rótarýfélagar því mikils.

Að lokum óska ég ykkur til hamingju með hið nýja blað og minni ykkur á að hafa alltaf í huga kjörorð þessa Rótarýárs um: Ráðvendni - Kærleik - og frið.

Ásgeir Jóhannesson,  
umdæmisstjóri 1995-1996

Ritarinn tók á móti mér, skrifaði nafnið mitt á límmiða og setti á skyrtubrjóstið og vísaði mér síðan til sætis. Sá ég síðan að allir Rótarýfélagarnir voru með barmmerki sem á stóð nafn þeirra og staða. Matur var þegar á bordum og snérist á miðhluta bordsins stór hringdiskur og bar á voru skálar með margvíslegum réttum. Borðfélagar mínir voru allir austurlenskir utan tveir sem voru erlendir gestir eins og ég. Allt var þarna frábrugðið því sem ég hafði kynnt á Rótarýfundunum á Íslandi.

Sessunautur minn af kínverskum ættum sneri í sífellu hringdisknum stóra og hlóð nýjum réttum á diskinn minn og sagði mér heiti þeirra, aðrir við hringborðið töludu í sífellu bæði á kínversku og ensku. Mikið var hlegið og samræður háværar en fjörugar. Helst var rætt um viðskipti og gengi gjaldmiðla og verðbréfa. Forseti klúbbsins, sem var hvítur, kynnti gesti sem voru frá Þýskalandi, Englandi og Íslandi. Síðan tóku við fundarstörf sem voru afar einföld og aðeins eitt mál á dagskrá: að ráðstafa skynsamlega 6.000 dollurum til aðalstóðar öldruðum í hverfinu. Var aðaláhyggjuefni stjórnarinnar hvernig best væri að komast í hverfisdagblaðið þegar gjöfin væri afhent öldrunarfulltrúanum!

Líkaði mér vel þessi Rótarýheimsókn en hugsaði þó að ekki þætti það boðlegt á Hótel Borg ef allir sætu þar á skyrtunum að snæðingi og sötruðu bjór með miklu málæði og hlátrasköllum. Sinn er síður í landi hverju og hvet ég Rótarýfélaga til að kynna sér fundasiði erlendra þjóða þegar til þess gefst tækifæri.

Bjarni Dagur Jónsson

**Pann** 16. nóvember sl. var haldin fullgildingarhátið Rótarýklúbbsins Reykjavík-Miðborg. Hátíðin var haldin í Gyllta salnum á Hótel Borg.

Hátíðin hófst með formlegum hætti kl. 19.30 þegar klúbbfélagar og gestir gengu inn á Skuggabarinn undir hugljúfri tónlist barna og unglings sem stunda nám í Tónlistarskóla Íslenska Suzukisambandsins. Leikin voru létt lög á fiðlur en undilleikari var Kristinn Örn Kristinsson.

Forseti klúbbsins, frú Sólveig Pétursdóttir, setti formlega hátíðina og sagði frá að dragandanum að stofnun klúbbsins og sagði frá fyrstu stjórnum og starfsemi hans. Forseti tilnefndi síðan Ólaf Ragnarsson, félaga í klúbbnum, sem veislustjóra hátíðarinnar. Eftir forréttinn, fyrsta réttinn af fjórréttu matseðli, steig umdæmisstjórin Ásgeir Jóhannesson í pontu og fagnaði hann mjög stofnun þessa klúbbs og sagði vel vera staðið að starfsemi hans. Ásgeir umdæmisstjóri kallaði síðan til Sólveigu Pétursdóttur forseta klúbbsins og Ólaf Helga Kjartansson fv. umdæmisstjóra sér til aðstoðar til þess að afhenda henni fullgildingarskjal Rótarýhreyfingarinnar. Ólafur Helgi tryggði að fullgildingarskjalid væri gefið út fyrir 1. júlí 1995, og undirritaði það ásamt Bill Huntley.

Eftir afhendingu fullgildingarskjalsins töku ýmsir til máls og óskuðu klúbbnum heilla og afhentu fána og aðrar gjafir.

Guðni Guðmundsson, varaforseti Rótarýklúbbs Reykjavíkur, fagnaði því að ísinn væri nú brotinn og konur teknar inn í Rótarýklúbb sem fullgildir félagar. Hann sagði klúbb sinn stoltan af þessu afkvæmi sínu og væntir góðs af samstarfi milli klúbbanna.



## Glæsileg fullgildingarhátið

Tryggvi Pálsson, varaforseti Rótarý-Austurbær afhenti fána síns klúbbs jafnframt og að óska klúbbnum innilega til hamingju með þennan merka áfanga. Benjamín Magnússon, forseti Rótarý-Kópavogs, óskaði klúbbnum innilega til hamingju með áfangann og sagðist fagna því að hreyfingin hefði haft dug og djörfung til þess að höggva á þennan Gordíonshnút gagnvart aðgengi kvenna að hreyfingunni.

Eiríkur Hans Sigurðsson, formaður útbreiðslunefndar Rótarýhreyfingarinnar, fagnaði fullgildingu klúbbsins og taldi nefndina hafa verið í eins konar „pabba“ hlutverki með móðurklúbbnum og að sannarlega hefði vel tekist til með afkvæmið.

Margir klúbbar sendu heillaóskaskeyti, m.a. Rótarýklúbbarnir á Akranesi, Ólafsfirði og margir fleiri.

Sólveig Pétursdóttir forseti þakkaði hjartanlega fyrir allar góðar óskir til handa okkar klúbbi. Hún sagði að í raun markaði Rótarýklúbburinn Reykjavík-Miðborg viss þáttaskil í sögu hreyfingarinnar þar sem jafnrétti kynjanna væri nú innan hennar eins og vera skal í landinu samkvæmt stjórnarskránni. Hún sagði einnig að margir efasemdarmenn um aðild kvenna hefðu komið á fund til okkar og líkað þar dvölin býsna vel!

Sólveig upplýsti einnig í ræðu sinni að á þessu ári væru 60 ár liðin frá því að móðurklúbburinn Rótarýklúbbur Reykjavíkur fékk sitt fullgildingarskíteini.

Síðar á fullgildingarhátiðinni var forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, tekin inn sem félagi í Rótarýklúbinn Reykjavík-Miðborg. Sólveig Pétursdóttir ásamt

Ásgeiri Jóhannessyni umdæmisstjóra framkvæmdu inntökuna; var frú Vigdís 38. félaginn í klúbbnum.

Forseti Íslands tók til máls og sagði það vera sér einstaka ánægju að vera orðinn félagi í Rótarýklúbnum Reykjavík-Miðborg. Vigdís sagði á á sínum yngri árum hefði sig ávallt langað til að verða meðlimur í Rótarýhreyfingunni. Nú mörgum árum síðar opnaðist henni hreyfingin og þá uppfylltust óskir barns-áranna.

Frú Vigdís hafði löngu áður markað sín spor í Rótarýhreyfingunni og er líklega fyrsta konan sem heldur fyrirlestur í móðurklúbbnum Rótarýklúbbi Reykjavíkur. Þetta gerðist í Oddfellowhúsini og fannst henni það mikil upphefð á sínum tíma að halda erindi á þeim fundi. Að lokum sagði Vigdís að sér væri sæmd að því að verða Rótarýfélagi, hún myndi bera merkið stolt og hlakkaði til þess að starfa í klúbbnum okkar.

Eftir að matur hafði verið snæddur komu fram landsfrægir söngvarar og skemmtu gestum í Gyllta salnum, þeir Bergþór Pálsson og Ragnar Bjarnason. Var söngur þeirra bæði skemmtilegur og óvæntur og öllum til mikillar ánægju, sérstaklega þegar þeir sungu saman frægan slagara „My way“ sem Frank Sinatra gerði frægan á sínum tíma.

Var setið undir borðum við gleði og gaman langt fram yfir miðnætti. Þykir þessi skemmtun hafa verið ánægjuleg og aukið á kynni félaganna og maka þeirra. Öllum sem að undirbúningi hennar og framkvæmd stóðu var hún til mikils sóma.

*Birgir Ómar Haraldsson, forseti.*

## Tónleikar með Sigrúnu (Diddú) Hjálmtýsdóttur og Jónasi Ingimundarsyni í Gerðarsafni

Móðurklúbburinn okkar, Rótaryklúbbur Reykjavíkur, bauð félögum úr Rótary Miðborg að kaupa miða á tónleika Sigrúnar og Jónasar í Gerðarsafni í Kópavogi. Tónleikarnir voru sérlega skemmtilegir og í hléi var boðið upp á lettar veitingar. Skemmtileg uppákoma var á þessum tónleikum þegar Hjálmtýr fáðir Sigrúnar steig á svíð og söng með henni tvö lög við feikilega góðar undirtektir áheyrenda. Þetta var í fyrra sinn sem Hjálmtýr og Diddú sungu saman á opinberum tónleikum.

## Heilabrot Rótaryfélags

Það er fátt skemmtilegra en að glíma við gátu. Hér kemur ein og fær sá félagi verðlaun sem fyrtur sendir rétta lausn á gátunni til ritnefndarinnar í bréfasíma 881 1258.

Heilabrot: Tveir Rótaryfélagar ræddu um aldri sinn. Annar sagði: Fyri talan í mínum aldri er tvívar sinnum seinni talan í mínum aldri. Seinni talan í mínum aldri er tvívar sinnum fyri talan í mínum aldri. Samt er ég bara sex árum eldri en þú. Hve gamlir eru Rótaryfélagarnir tveir?

## Næsta fréttabréf

Fyrsta frettabréfið er í höfn. Fæðingin var „örlítið“ snúin, en úr leystist með góðri samvinnu þegar nefndin hafti ákvæðið útlit og framsetningu.

Næsta fréttabréf kemur væntanlega út í júlí og meðal efnis er fyrti Rótaryfundurinn á Bessastöðum, sumarferðalagið, fyrirlestrar næstu mánaða, vetrarstarfið og fréttir af fimmugasta umdæmisþingi Rótaryhreifingarinnar í Kópavogi.

Punktar og Pistlar, útgáfuneft: Bjarni Dagur Jónsson; form. Olafur Ragnarsson, Þórhildur Líndal, Daði Guðbjörnsson, Hanna Kristín Guðmundsdóttir.

# Nýtt fréttabréf hefur göngu sína

### Kær Rótaryfélagar.

Mikilvægt skref er stigið þegar nýtt fréttabréf, Punktar og Pistlar, hefur göngu sína en það hefur fyrst og fremst tvenns konar tilgang:

Að efla öll samskipti innan klúbbins og að vera rödd og ímynd klúbbins útávið. Þetta kemur skýrt fram þegar lesið er í gegnum fréttabréfið. Fjallað er um hvað er að gerast hjá félögum okkar, áriðandi tilkynningar eru birtar og léttar fréttir. Afar nauðsynlegt er fyrir nýjan klúbb að eiga eigin vettvang eins og fréttabréfið Punkta og Pistla. Það er nauðsynlegt stjórn klúbbins til þess að miðla upplýsingum til félaganna á virkan og skemmtilegan hátt. Reynt er að fara ótroðnar slóðir og gera fréttabréfið líflegan en virkan upplýsingamiðil.

Heiti fréttabréfsins er hugmynd Ólafs Ragnarssonar sem er í útgáfuneftindinni og tengist nafn fréttabréfsins vel yfirbragði og efni þess.

Enginn vafi er á að fréttabréfið mun efla ímynd klúbbins. Reynt verður að gera það líflegt og verður því dreift til allra Rótaryklúbbba landsins. Vonast er til að slík dreifing stuðli að auknum heimsóknunum frá félögum annarra klúbbba. Að lokum vil ég ítreka að allar tillögur um efni í fréttablaðið eru vel þegnar og skal koma þeim til útgáfuneftdar. Við þökkum nefndinni fyrir fórfusa vinnu við útgáfu Punkta og Pistla.

Rótarykveðjur,  
Birgir Ómar Haraldsson,  
forseti.



## Sögufrægur fundarstaður miðborgarklúbbins

Reglugerir fundir Rótaryklúbbins Reykjavík-Miðborg eru kl. 12.15 á mánudögum í Gyllta salnum á Hótel Borg. Hótel er ætíð kennt við Jóhannes Jóhannesson glímukappa og íþróttamann sem ferðaðist með sýningarflokkum um Evrópu og Ameríku og efnaðist vel. Jóhannes hóf byggingarframkvæmdir árið 1928 og var hótel fullbúið fyrir Alþingisháttíðina 1930.

Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins teiknaði hótelið og kostaði það fullbúið þrettán hundruð þúsund krónur og átti Jóhannes helminginn af því fé handbært sjálfur. Jóhannes og Karólína kona hans ráku hótelið til ársins 1960. Margt mætti segja af sögu hótelsins og starfseminni þar, t.d. voru á „Borginni“ haldin stærstu og veglegustu mannamót fyrri ára s.s. stórveisla ríkisstjórnar Íslands að kvöldi 18. júní 1944.

Heimsfraegir leikarar, listamenn, stjórnálamenn og þjóðhöfðingjar hafa gist hótelið um lengri eða skemmri tíma. Rótaryklúbburinn Reykjavík-Miðborg valdi hótelið sem aðsetur sitt vegna staðsetningar þess í miðborginni og heitis klúbbins. Fundarstaðurinn hentar klúbbnum afar vel. Hefur samstarf klúbbins við rekstraraðila hótelsins verið með miklu ágætum. Fundarsalur Rótaryklúbbins er í Gyllta salnum sem er líklega fegursta perla hótelsins. Þar hafa verið haldnar stórveislur, dansleikir, leiksýningar og merkilegir fundir. Einn veghluti Gyllta salarins er merkilegur fyrir þær sakir að þar hefur varðveist freska, ein af mörgum sem ítaliskur málari gerði á veggi salarins árið 1930.

Tómas Tómasson veitingamaður sem í dag rekur hótelið hefur látið breyta því til fyrra horfs svo glæsileiki þess kemur í ljós á ný. Það verk önnuðust Páll Hjalton arkitekt og Ingibjörg Pálmadóttir innanhússhönnuður. Veitingasalir eru fjórir talsins í hotelinu. Matar- og vínklúbbur AB valdi Hótel Borg veitingahús ársins 1994.

Bjarni Dagur Jónsson.